**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 29/2024**

**frá 2. febrúar 2024**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1783 frá 2. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem innihalda sniðmát fyrir samstarfssamninga við þriðju lönd ([1]).

2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 29as (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1406) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„29at. **32021 R 1783**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1783 frá 2. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem innihalda sniðmát fyrir samstarfssamninga við þriðju lönd (Stjtíð. EB L 359, 23.4.1991, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í viðaukanum koma orðin „EES-samningnum“ í stað „lögum Sambandsins“.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1783, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

([1]) Stjtíð. ESB L 359, 11.10.2021, bls. 1.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.